



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 1.2.2021
Tilvísun: 202012-0021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð. Mál nr. 369/2021.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stofnun Hálandisþjóðgarðs. Málið hefur hlotið þónokkra umræðu innan sambandsins en ASÍ hefur tekið þátt í að samtali um stofnun miðhálandisþjóðgarðs frá árinu 2015. Alþýðusamband Íslands styður stofnun þjóðgarðs og telur að til lengri tíma muni hálandisþjóðgarður gegna mikilvægu hlutverki í að vernda miðhálandið og náttúru þess en einnig hafa jákvæð efnahagsleg áhrif. Þannig geti hálandisþjóðgarður fjölgað góðum störfum í þjóðgarðinum og í kringum hann og þannig ýtt undir atvinnuuppbyggingu og styrkt byggðir landsins. Þá getur stofnun Hálandisþjóðgarðs falið í sér jákvæð áhrif á nærsamfélög hans og ýtt undir og aukið stuðning við ýmsa starfsemi tengda ferðaþjónustu, svo sem nýsköpun, rannsóknir og fræða-, lista- og menningarstarf á landsbyggðinni. Þjóðgarður á miðhálandinu getur styrkt ímynd Íslands sem áfangastaðar náttúruverndar og sjálfbærrar ferðaþjónustu sem aftur getur ýtt undir aukin gæði í ferðaþjónustu. Til að tryggja fjölgun starfa þarf að tryggja næga fjármögnun, uppbyggingu nauðsynlegra innviða og námsframboð sem styður við starfsemina.

Að mati Alþýðusambands Íslands er jákvætt að frumvarpið kveði á um að margir ólíkir aðilar, þ.m.t. sveitarfélög, hafi aðkomu að stjórn þjóðgarðsins en til að vel takist til skiptir öllu máli að traust sé á milli samstarfsaðila og að samtal og samráð við þau sveitarfélög sem liggja að þjóðgarðinum sé til staðar. Alþýðusamband Ísland telur jákvætt að mat á orkunýtingu landsvæða fari fram í gegnum það faglega og lýðræðislega ferli sem rammaáætlun byggir á. ASÍ telur mikilvægt að uppbygging innviða atvinnulífs, þ.m.t. raforku, styðji við atvinnuuppbyggingu um land allt en brýnt er að sú uppbygging sé í sátt við þá hagsmuni sem felast í hreinni og ósnortinni náttúru Íslands og að rask á umhverfi og náttúru sé lágmarkað.

Gjaldtaka

Í frumvarpinu er að finna heimildir til gjaldtöku innan þjóðgarðsins en líkt og fram kemur í greinargerð hefur sú breyting verið gerð að ekki verður tekið gjald fyrir aðgang að þjóðgarðinum heldur einungis fyrir aðgang að veittri þjónustu. Alþýðusambandið telur mikilvægt að frjálst aðgengi um víðerni Íslands verði verndað en sú afstaða hefur áður komið fram t.d. umsögn ASÍ um náttúrupassa¹. Í því samhengi telur ASÍ rétt að benda á mikilvægi þess að komið verði á gjaldtöku í ferðaþjónustu enda

¹ Sjá umsögn <https://www.althingi.is/altext/erindi/144/144-1213.pdf>



hagnast ferðaþjónusta á nýtingu sameiginlegrar auðlindar, náttúru Íslands. Komugjöld sem skiluðu tekjum til ríkis og sveitarfélaga um land allt væru þar ein besta leiðin til gjaldheimtu og myndu draga úr beinni þörf á brotakenndu kerfi gjaldheimtu á ólíkum svæðum um land allt.

Launafólk á að eiga fulltrúa í stjórnnum Þjóðgarðs

Alþýðusamband Íslands gagnrýnir að frumvarpið kveði á um að fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar og önnur ferðaþjónustusamtök geti sameiginlega tilnefnt fulltrúa í stjórn Hálendisþjóðgarðs og í öll þau 6 umdæmisráð sem fara með málefni rekstrarsvæða Hálendisþjóðgarðs á meðan samtök launafólks eiga ekki aðkomu að stjórn Hálendisþjóðgarðsins. Alþýðusamband Ísland telur nauðsynlegt að samtök launafólks eigi aðkomu að stjórn Hálendisþjóðgarðs og ekki eingöngu hagsmunasamtök þeirra aðila sem hafa hag af nýtingu þeirra náttúru sem garðinum er ætlað að vernda. Ferðaþjónustan byggir umfram aðrar greinar á launafólki og getur stefna fyrir hálendisþjóðgarð og umhverfi hans ekki verið mótuð án þátttöku fulltrúa vinnandi fólks. Þá er vert að benda á að störf á hálendinu geta krafist annarra samninga um kaup og kjör en venjulegir kjarasamningar þar sem starfsfólk dvelur oft langdvölum á vinnustað og vinnuástandur geta verið óvenjulegar.

Alþýðusamband Íslands telur tilfinnanlegan skort vera á stefnu og sýn stjórnvalda á uppbyggingu ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar. Þetta birtist m.a. í því fyrirhagðandi frumvarp virðist ekki gera ráð fyrir að þjóðgarðurinn snerti vinnumarkaðinn á neinn hátt en algjör vöntun er á að markmið, áherslur og umfjöllun í frumvarpinu snúi að vinnumarkaði.

Horft verði til hagsmuna launafólks við mótun atvinnustefnu

Samkvæmt frumvarpinu skal stjórn Hálendisþjóðgarðs móta atvinnustefnu fyrir atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðsins. Nauðsynlegt er að slík stefna verði mótuð sem fyrst og dragist ekki á langinn líkt og gerðist með mótun atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Atvinnustefna fyrir hálendisþjóðgarð þarf að stuðla að heilbrigðum vinnumarkaði og starfsumhverfi ásamt því að hafa velferð og hagsmuni starfsfólks hálendisþjóðgarðs og launafólks í ferðaþjónustunni að leiðarljósi.

Mikilvægt er að jafnvægi sé á milli allra undirstöðubáttá sjálfbærrar þróunar; umhverfis, efnahags og samfélags. ASÍ tekur undir markmið frumvarpsins um verndun hálendisins en telur einnig skorta áherslur á hag þeirra sem starfa í þjóðgarðinum. Það er því ekki er nóg að leggja áherslu á umhverfi og efnahag ef engin áhersla er á samfélagslega þáttinn, þ.e. á fólkið sem mun koma til með að starfa í greininni og bera hana uppi. Til að Hálendisþjóðgarður geti starfað í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun þarf því að samtvinna og samþætta samfélagslega, efnahagslega og umhverfislega þætti við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og framkvæmd tengda honum.

Alþýðusamband Íslands telur afar brýnt að stjórnvöld ráðist í stefnumótun um framtíðaruppbyggingu ferðaþjónustunnar og að réttindi og hagsmunir launafólks verði einn af hornsteinum við þá vinnu. Nauðsynlegt er að ferðaþjónustan greiði sanngjörn laun sem nægi til framfærslu og að ákvæði kjarasamninga séu virt. Þá er nauðsynlegt að ráðast í stefnumótun og gera nauðsynlegar breytingar á lagaumhverfi og regluverki gegn brotastarfsemi á launafólki. Enn er beðið eftir efnadum á lofordum stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamninginn. Þá telur ASÍ að gera eigi þá kröfu að rekstraraðilar á svæði hálendisþjóðgarðs, sem og á öðrum stöðum á landinu, sæki fræðslu um réttindi og skyldur atvinnurekenda. Stefnumótun fyrir framtíðaruppbyggingu ferðaþjónustunnar og atvinnustefna fyrir



hálandisþjóðgarð ættu að taka tillit til framangreindra þátta². Mikilvægi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar fyrir íslenskt hagkerfi er ótvírætt og tryggja verður að starfsfólk í ferðaþjónustunni og byggðalög njóti þess ábata sem greinin skapar. Að tryggja afkomu, velferð og lífsgæði þess fólks sem starfar í ferðaþjónustu og tengdum störfum á að vera jafn mikilvægur þáttur og að vernda náttúru, umhverfi og vistkerfi og er órjúfanlegur þáttur af markmiðum um sjálfbæra ferðaþjónustu.

Virðingarfyllst,

f.h. Alþýðusambands Íslands

Auður Alfa Ólafsdóttir

² Sjá áherslur ASI um uppbyggingu ferðaþjónustunnar: <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/aherslur-asi-um-uppbyggingu-ferdathjonustunnar/>